

## 19. gr.

*Greinargerð um framkvæmd.*

Innan fjögurra vikna frá því að verkefni lýkur skal sveitarfélag senda skrifstofu Atvinnuleysistryggingasjóðs greinargerð um framkvæmd verkefnis sem unnið er hjá sveitarfélagi eða á ábyrgð þess. Þar skal sérstaklega láta koma fram áhrif verkefna á atvinnuástand í hlutaðeigandi sveitarfélagi.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs er heimilt að stöðva greiðslur, eða synja frekari umsóknnum frá sveitarfélögum sem ekki sinna skýrslugerð skv. 1. mgr.

## VI. KAFLI

**Lokaákvæði.**

## 20. gr.

Þegar eftir gildistöku þessara reglna skal skrifstofa Atvinnuleysistryggingasjóðs hlutast til um að vinnumiðlanir kynni hlutaðeigandi aðilum þær. Sérstaklega skal vekja athygli á umsóknarfrestum, sbr. 11. gr.

## 21. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með stoð í ákvæði IV til bráðabirgða í lögum nr. 12/1997 um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 680/1996, um úthlutun styrkja úr Atvinnuleysistryggingasjóði árið 1997 til átaksverkefna á vegum sveitarfélaga.

*Félagsmálaráðuneytinu, 4. mars 1998.*

**Páll Pétursson.**

Elín Blöndal.

**AUGLÝSING****um deiliskipulag Eyrarinnar á Ísafirði í Ísafjarðarbæ.**

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt deiliskipulag fyrir Eyrina á Ísafirði.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð skv. skipulagslögum nr. 19/1964 með síðari breytingum og skipulagsreglugerð nr. 318/1985 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun skv. lögum nr. 73/1997.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Bæjarstjórnin í Ísafjarðarbæ, 9. mars 1998.*

**Kristinn Jón Jónsson.**